

Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

54. fundur, haldinn í Húsinu, Staðarbergi 6. Miðvikudaginn 28. ágúst 2013, kl.17:00

Fundinn sátu: Jón Foss Guðmundsson, Christine Mae Velasco, Valgerður Fjölisdóttir, Þórdís Dröfn Andrésdóttir, Jóhanna Margrét Sigurðardóttir, Kristbjörg Víðisdóttir, Yngvi Freyr Óskarsson, Elín Lára Baldursdóttir, Sverrir Þrastarson, Brynhildur Ýr Jónsdóttir, Birgitta Ósk Bates Gústafsdóttir og Ingvar Haraldsson, starfsmaður Ungmennaráðs

Afboðuðu: Ólöf Andrea Antonsdóttir og Eyþór Agnarsson

Fundargerð ritaði: María Birna Jónsdóttir, starfsmaður Ungmennaráðs

Dagskrá:

1. Fundarstjóri

Samþykkt að Þórdís Dröfn Andrésdóttir sjái um undirbúning og stýri næsta fundi sem verður 11. september 2013

2. Tillögur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

Tillögur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar lagðar fram til kynningar fyrir bæjarfulltrúa 5. júní s.l. eru í hinum ýmsum nefndum og ráðum til umfjöllunar. Hugmyndir UMH vegna Dvergsreitsins, almenningsgarður fyrir ungt fólk í Hafnarfirði, eru ennþá í vinnslu.

3. Fulltrúar í ráðið

Kynningar hafa farið fram í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar nema Hvaleyrarskóla. Farið verður í Hvaleyrarskóla á mánudaginn kemur, 2. september. UMH vill þakka fyrir góðar viðtökur í skólum bæjarins, bæði frá starfsfólki skólanna jafnt og nemendum. Áhugasamir nemendur geta haft samband við umsjónakennara sinn eða verkefnastjóra félagsmiðstöðvar. Ef enginn býður sig fram þá er það lýðræðlega kosið nemendaráð sem tilnefnir fulltrúa í ráðið.

4. Umhverfið okkar

Flestar tjarnir bæjarins vantar viðhald, óhreinar og rusl í sumum þeirra. Það er að koma vetur en ágætt væri ef þær væru hreinsaðar fyrir næsta sumar.

5. Önnur mál

- stefna á að fá heimsókn frá öðrum Ungmennaráðum, t.d. Seltjarnarnes
- ungmennaping á næsta ári verður með öðru sniði en síðastliðin ár
- auglýsing – stytta þarf auglýsingu þar sem auglýst er eftir fulltrúum. Yngvi, Þórdís og Eyþór sjá um það
- jafningjafraeðslan, hugmynd um að jafningjafraeðslan væri með eineltisfræðslu fyrir leikjanámskeiðin á sumrin
- umræður um regnstakka eða ponchos fyrir nemendur í Hafnarfirði

Næsti fundur áætlaður 11. september 2013. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:44